Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð** **44**
(ágrip). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 29. jan. sam- 31. jan.
þykkt, að Jónas bóndi Jónsson á Stóra-Vatnshorni í Haukadal í Dalasýslu, eigandi Stóra-Vatnshorns með tilheyrandi kirkju, hefði makaskipti á kirkjujörðinni Skinnþúfu í Haukadal ásamt 2 landskikum fyrir sunnan Haukadalsá undan Stóra-Vatnshorni og bændaeigninni Litla-Vatnshorni í Haukadal, þannig að hin fyrnefnda jörð og landskikar eptirleiðis álítist sem önnur bændaeign, að því er skattskyldu snertir, en hin síðarnefnda sem kirkjueign.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um mæling á uppsigling á** **45**
Hvammsfjörð. — Í sambandi við brjef hjeðan, dags. 1. marz f. á., læt jeg ekki 21. febr.
hjá líða þjónustusamlega að gefa yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegar vitundar, að jeg hefi fengið tilkynningu frá sjóliðsstjórn ríkisins um, að hún sakir sjerstakra atvika geti ekki látið framkvæma hina eptiræsktu mæling á uppsigling á Hvammsfjörð á þessu ári, þótt fje það, sem ætlað hefur verið til mælingarinnar, sje í sjálfu sjer nægilegt. Til þess að hægt verði að framkvæma áminnst starf að ári er því nauðsynlegt að ný fjárveiting til þess verði tekin upp á fjárlagatrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil.

Staðfesting konungs útgefin *að mandatum* í venjulegu formi *af ráðgjafan-* **46**
um fyrir Ísland á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðar- 25. marz
leysingjum í Rangárvallasýslu.

Skipulagsskráin hljóðar svo:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem voru 31. okt. 1894 orðin 550 kr., og skal ávaxta sjóðinn í söfnunarsjóðnum.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, heldur skal auka hann á þann hátt, er nú skal greina:

a. Með því að leggja árlega 1/4 allra vaxta við höfuðstólinn.
b. Með því að leggja við höfuðstólinn gjafir, sem sjóðnum kunna að verða gefnar.

3. gr.

Þrjá fjórðu af vöxtum sjóðsins skal halda sjer og safna saman þannig, að ávallt megi til þeirra taka þegar þörf er á, og þegar mikið manntjón kemur fyrir skal verja vöxtum þessum til að styrkja ekkjur og börn, einkum sjódrukknaðra manna og þeirra manna sem farast vofeiflega eða deyja á bezta aldri, og sem á dánardægri eiga lögheimili í Rángárvallasýslu, þó svo, að ekki sje veittur styrkur til manna í Austur-Eyjafjallahreppi, fyrr en samskot hafa fengizt úr þeim hreppi, að tiltölu við aðra hreppa sýslunnar.

17. dag maímán 1895

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1895.